

Ed.

119. Frumvarp til laga

[116. mál]

um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Íslands sem vinna á farskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm sem ákveði fyrir 1. september 1986 kaup og kjör félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skal vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er óheimilt að segja þeim farmönnum, sem bráðabirgðalögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar skv. 1. mgr. og sker þá félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér að Skipstjórafélag Íslands hafi beitt vinnustöðvun fyrir félagsmenn sína á skipum farskipaútgerða 29. og 30. apríl, 5., 6. og 7. maí. Jafnframt standi yfir ótímabundin vinnustöðvun Sjómannafélags Reykjavíkur vegna félagsmanna á farskipum frá og með 30. apríl s.l. Sáttatilraunir hafi reynst árangurslausar og engar líkur séu taldar á lausn deilnanna í bráð. Verfall þetta hafi valdið röskun á flutningum til og frá landinu og skapað erfiðleika í helstu útflutningsgreinum landsmanna þannig að hætta sé á að varanlega verði spillt árangri í markaðs- og sölustarfsemi íslenskra fyrirtækja vestan hafs og austan.

Síðastliðinn vetur náði ríkisstjórnin viðtæku samkomulagi við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Ríkisstjórnin telur það skyldu sína að gera það sem í hennar valdi stendur til að halda þetta samkomulag og tryggja þannig framgang þeirrar meginstefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar sem í samkomulaginu felst. Því telur ríkisstjórnin að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipa og binda enda á deilur þessar. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm sem ákveði fyrir 1. september 1986 kaup og kjör félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skal vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara skv. bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er óheimilt að segja þeim farmönnum, sem bráðabirgðalögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar skv. 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Matthías Bjarnason.